

# Lögreglan hýsir þá sem aðrir vísa frá

Upplýsingar Geðhjálpar benda til að 107 einstaklingar eigi í engin hús að venda. Þónokkur fjöldi nýtur hvorki félags- né heilbrigðisþjónustu. Samstarfi þeirra fjölmörgu sem koma að málum heimilislausra er ábótavant.

**FÉLAGSMÁL** „Við stöndum frammi fyrir þeirri ákvörðun hvort vísa eigi fólki út í kuldann eða hýsa það. Vandinn liggur ef til vill í því að við erum of brjóstgóðir og þrýstingurinn er þess vegna ekki nógu mikill á sveitarfélögin,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. Hann segir það fyrirkomulag að nota fangaklefa til að hýsa vegalaustr fólk ekki þekkjast víða um heim.

Fulltrúar tíu aðila funduðu í gær um aðstæður heimilislausra. Fram kom að vandamálið leyndist víða og væri á höndum margra, sem ynnu þó ekki saman.

Fyrir kemur að heimilislausir einstaklingar eru útskrifað af spítala án þess að annað úrræði taki við. Gríðarlegur fjöldi fólks leitar til Hjálparstarfs kirkjunnar, Rauða krossins og Samhjálpar og lögreglunnar.

Félagið Geðhjálp átti frumkvæði að fundinum og segist framkvæmdastjóri samtakanna hafa undir höndum lista yfir 107 einstaklinga sem eigi í engin hús að venda, flestir geðsjúkir.

„Á fundinum gátu flestir aðilar staðfest að sú tala er nærri lagi, meðal annars voru forsvarsmenn Landspítalans og lögreglunnar sammála því,“ segir Sveinn Magnússon.

„Það skortir hvorki þekkingu né fjármagn. Það sem vantar er samstarf milli þeirra sem hafa puttann á púlsinum. Yfirvöldum ber að setjast niður og komast að því hver hin raunverulega þörf er og finna rétt úrræði.“

Þó nokkur fjöldi einstaklinga nýtur engrar félags- eða heilbrigðisþjónustu. Einstaklingar með geðraskanir sem eru auk þess fíklar eru dæmi um það.

„Þeir eru of geðveikir til að fara í meðferð og í of mikilli neyslu til að fara á geðdeild. Það sem þarf er fleiri heimili með vakt allan sólarhringinn. Þannig verður þjónustan mun skilvirkari. Á heimilinu við Miklubraut 20 hefur náðst góður árangur og einstaklingarnir eru farnir að lifa góðu lífi,“ segir Heiðar Guðnason, forstöðumaður Samhjálpar.

Beðin um viðbrögð segir Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, að til



**ÚRRÆÐI VANTAR** Framkvæmdastjóri Geðhjálpar segir vanta persónulega liðveislu við heimilislausa sem oft eigi hvergi heima í kerfinu.



**STEFÁN EIRÍKSSON**



**HEIÐAR GUBNASON**



**SVEINN MAGNÚSSON**

standi að auglýsa eftir samstarfsaðilum til að reka búsetuúrræði fyrir um tuttugu heimilislausa einstaklinga.

„Við erum að vinna starfs- og fjárhagsáætlun ráðsins og munum virkilega taka á þessum málum.“

[eva@frettabladid.is](mailto:eva@frettabladid.is)